

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2000

Nr. 652

1952

8. september 2000

AUGLÝSING um skipulag í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni, lóð nr. 12 við Miðhraun.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 22. ágúst 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni á lóð nr. 12 við Miðhraun. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítilllega til norðurs um 10 x 19 m en að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ, lóð nr. 12 við Brúnás.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 22. ágúst 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum, á lóð nr. 12 við Brúnás. Í breytingunni felst að tvær lóðir eru sameinaðar í eina og hús sem fyrir eru á staðnum verða hluti skipulags.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 8. september 2000.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

Nr. 653

6. september 2000

AUGLÝSING um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálafells 1, Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 31. maí 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Skálafells 1, Suðursveit, í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið, sem unnið er af Ullu R. Pedersen landslagsarkitekt og dagsett 8. maí 2000, gerir ráð fyrir byggingu tveggja frístundahúsa.

Deiliskipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 30. júní 2000 til 11. ágúst 2000. Engar athugasemdir bárust við skipulagið.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til skoðunar og yfirferðar, og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, Hornafirði, 6. september 2000.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi Hornafjarðar.